SAMÞYKKTIR
ÍSLENSK VERÐBRÉF HF.

1 NAFN FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR

1.1 Félagið er hlutafélag. Heiti félagsins er Íslensk verðbréf hf. Enskt hjáheiti félagsins er Icelandic Securities hf.

1.2 Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 116/2021 og 45/2020. Þá hefur félagið viðbótarstarfsheimildir til að stunda eignastýringu skv. framangreindum lögum. Félaginu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem því er heimil samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins hverju sinni.

Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

2 HLUTAFÉ FÉLAGSINS

2.1 Hlutafé félagsins er kr. 22.686.087 og skiptist það í jafnmarga hluti sem hver er að fjárhæð ein króna.

2.2 Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

2.3 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Nýti einhver hluthafi forgangsrétt sinn ekki (hvort sem er í heild eða hluta) skal þeim hluthöfum sem nýtt hafa forgangsrétt sinn boðnir viðkomandi hlutir í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra hluthafa áður en öðrum eru boðin áskrift að viðkomandi hlutum. Heimilt er að víkja frá forgangsrétti í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

2.4 Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

3 HLUTABRÉF OG EIGENDASKIPTI AÐ HLUTUM

3.1 Hlutabréf félagsins skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hlutabréf félagsins séu gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

3.2 Eigendaskipti að hlutum í félaginu taka ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega. Ef hlutabréf félagsins eru útgefin með rafrænum hætti fer um eigendaskipti að hlutum að öðru leyti eftir ákvæðum laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

3.3 Hluthafar hafa forkaupsrétt að fölum hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sínar. Um framkvæmd forkaupsréttarins og aðra skilmála vísast til gildandi hluthafasamkomulags milli hluthafa félagsins.

3.4 Óheimilt er að veðsetja eða gefa hlutabréf í félaginu án samþykkis félagsstjórnar. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

4 EIGIN HLUTIR

4.1 Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu nema að því marki sem lög heimila.

4.2 Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa enda samþykki hluthafafundur slík endurkaup og fyrirkomulag þeirra. Veiti hluthafafundur slíka heimild skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar, sem verður hluti samþykktanna meðan heimildin er í gildi.

4.3 Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

5 RÉTTINDI OG SKYLDUR HLUTHAFA OG SAMSKIPTI

5.1 Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í félaginu nema þeir hafi sérstaklega tekist slíka skuldbindingu á hendur.

5.2 Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn hluta sinna nema lög mæli fyrir um.

5.3 Félaginu er heimilt að nota rafræna skjalasamskipti og tölvupóst í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að sendar skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta.

6 HLUTHAFAFUNDIR

6.1 Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka er samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafa.

6.2 Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Boða skal aukafundi eftir ákvörðun stjórnar eða þegar endurskoðandi eða hluthafar sem ráða a.m.k. einum tuttugasta hlut hlutafjár í félaginu krefjast þess. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga frá því að krafa um fund er gerð.

6.3 Á aðalfundum skulu tekin fyrir þessi mál:

(a) Stjórn félagsins skal skýra frá rekstri þess á liðnu ári og hag þess í árslok.

(b) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.

(c) Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

(d) Kosning í stjórn félagsins.

(e) Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.

(f) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, og ef við á undirnefnda stjórna.

(g) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.

(h) Tillögur frá hluthöfum sem taka ber á dagskrá.

(i) Tillögur um breytingu á samþykktum.

(j) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

6.4 Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um liði b og c til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

6.5 Boða skal til hluthafafundar með tilkynningu til hluthafa eða með öðrum sannanlegum hætti. Hluthafafundi skal boða með minnst viku fyrirvara en til aðalfundar skal boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara. Þó má halda aðalfund sem boðaður er með skemmst viku fyrirvara ef hluthafar sem ráða yfir a.m.k. 90% hlutafjár samþykkja það skriflega.

6.6 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur að hluta eða öllu leyti. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal hún tryggja að rafrænn fundur fari fram á öruggan hátt og að tækjabúnaður sem notaður er uppfylli skilyrði hlutafélagalaga. Þess skal getið í fundarboði fari fundur fram með rafrænum hætti. Fundarboðið skal þá jafnframt bera með sér slíkar upplýsingar um framkvæmd fundarins að hluthöfum sé gert kleift að taka þátt í honum.

6.7 Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn.

6.8 Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða yfir að minnsta kosti helmingi hlutafjár í félaginu. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Hluthafafundi skal heimilt að halda á þeim stað sem stjórn tilgreinir í fundarboði.

6.9 Eitt atkvæði er fyrir hvern einnar krónu hlut. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum, falli atkvæði að jöfnu skal tillaga ekki talin samþykkt. Við stjórnarkjör, skal hlutkesti ráða fái tveir einstaklingar eða fleiri jafn mörg atkvæði.

6.10 Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum. Fundargerðir skulu undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara. Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins og á vefsvæði þess.

7 STJÓRN OG STJÓRNARKJÖR FÉLAGSINS

7.1 Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og tveimur varamönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Aðalfundur kýs jafnframt stjórnarformann. Um hæfi þeirra fer eftir lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%.

7.2 Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning á milli einstaklinga, nema löggild krafa komi fram um annað frá hluthöfum sem fara með a.m.k. 1/10 hlutafjár í félaginu minnst fimm dögum fyrir stjórnarkjör og skal stjórnarkjör að jafnaði vera skriflegt ef fleiri eru í framboði en kjósa skal.

7.3 Tilkynna skal skriflega skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund, þar sem kjósa á stjórn, um framboð til stjórnar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, nafn frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang auk upplýsinga um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

8 SKYLDUR OG VALDHEIMILDIR STJÓRNAR

8.1 Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Stjórn starfar eftir starfsreglum sem stjórnin setur á grundvelli laga um hlutafélög.

8.2 Stjórn skal útbúa og staðfesta á stjórnarfundi starfsáætlun stjórnar fyrir næsta reikningsár félagsins. Þar skal m.a. kveðið á um reglulega fundi stjórnar. Stjórnarformanni er skylt að boða til stjórnarfundar ef einn stjórnarmaður, forstjóri eða endurskoðunarfélag félagsins krefst þess.

8.3 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fundinn. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

8.4 Stjórn skal halda fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

8.5 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

9 FRAMKVÆMDASTJÓRN

9.1 Stjórn félagsins skal ráða framkvæmdastjóra til félagsins og ákveður þá starfskjör hans.

9.2 Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdarstjóra ber að hlíta fyrirmælum stjórnar. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsmanna.

9.3 Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir og veita ber lögum samkvæmt.

10 UPPGJÖR OG ENDURSKOÐUN

10.1 Á aðalfundi skal kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

10.2 Endurskoðandi skal endurskoða reikninga félagsins og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Sé félagið hluti félagasamstæðu skal endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild.

10.3 Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

11 ARÐSÚTHLUTUN OG VARASJÓÐIR

11.1 Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans.

11.2 Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykkt úthlutunar.

12 FÉLAGSSLIT OG SAMRUNI

12.1 Með tillögum um slit og skipti á félaginu eða samruna við annað félag eða önnur félög skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit eða samruna verði gild.

12.2 Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun á eignum þess og skuldum.

13 ÖNNUR ÁKVÆÐI

13.1 Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum þess hlutafjár í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

13.2 Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á hluthafafundi félagsins þann 16. mars 2026

F.h. Íslenskra verðbréfa hf.

Arnór Gunnarsson, framkvæmdastjóri